

Nr. 075 / 14 Öngull ÍS 93***Bilun í stýri og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6345
Smíðaður: Hafnarfirði 1982 plast
Stærð: 5,15 brl. 4,25 bt.
Mesta lengd: 7,82 m Skráð lengd: 7,48 m
Breidd: 2,45 m Dýpt: 1,50 m
Vél: Yanmar 140 kW 2001
Fjöldi skipverja: 1



Öngull ©Grétar Þór Sæþórsson

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli

Atvikalýsing:

Þann 11. ágúst 2014 var Öngull að koma úr róðri til hafnar í Bolungarvík. Veður: Austan hvassviðri

Þegar komið var upp undir hafnarmynnið varð skipstjóri var við að stýrið virkaði ekki. Hann bakkaði upp í vindinn til að forðast rek upp að landinu á meðan hann beið eftir Jónínu Brynju ÍS 55 sem var skammt fyrir aftan hann.

Skipstjóri Önguls kastaði tógi á milli bátana og Jónína Brynja dró hann inn í höfnina.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir að báturinn hafði verið tekinn upp kom í ljós við skoðun á stýrisbúnaði á utanborðsdrifinu að festing á stýrishjálminum var brotin.
- að sögn skipstjóra virtist festingin hafa verið farin að gefa sig því brotsárið var mislitt og því líklegt að sprunga hafi verið til staðar þegar festingin brotnaði endanlega. Hann taldi að þó hann hefði skoðað þetta áður hefði hann sennilega ekki séð sprunguna. Festingin hefði brotnað fyrr eða seinna ef hún hefði haldið í þessari landtöku. Hann benti á að við aðstæður sem voru þarna, þ.e. stífan vind á lensi með lestaðan bát, reyndi meira á stýrið en öllu jöfnu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.

Sérstök ábending:

Í Norðulandareglum um smíði og búnað báta af þessari stærð og gerð er þess getið í kaflanum: Stýrisbúnaður V-7, síðustu málsgrein 1.7 greinar; „Á bátum sem stjórnað er með utanborðsdrifi eða utanborðsvél þarf ekki neyðarstýri.“

Nefndin beinir því til Samgöngustofu að kannað verði á hvern hátt eigendur geti komið fyrir neyðarstýri á utanborðsdrif.